

## Temjið hundana ykkar

Ég segi gjarnan fólki sem kemur á námskeið, að þó það gleymi öllu öðru sem ég segi þeim, þá megi það alls ekki gleyma því að það geti verið nokkuð visst um að það nái árangri ef það reynir markvisst að temja hundinn sinn. Það þykir sjálfsagt að grunntemja hesta. Ef hundaeigendur eyddu svipuðum tíma í að grunntemja hundinn sinn og það þykir sjálfsagt að eyða í að grunntemja hest ættu þeir að hafa vel brúklegan hund til flestra starfa.

Því miður eru allt of fáir sem leggja þetta á sig. Það er oft ekki vegna þess að þeir hafi ekki þekkingu, því þó hundaeigandinn hafi ekki þekkingu kemur hún fljótt ef þeir bara reyna.

Ef einhverjir eru að hugsa um að nú verði þeir að taka hundinn sinn í gegn, þá er það mín reynsla að númer eitt er að hafa aðstöðu. Ég er með litla girðingu ca. hálfan hektara sem heldur þó kindurnar hlaupi á hana. Girðingin er um 100m frá bænum. Í þessari girðingu er ég með 3-5 kindur yfir sumarið. Þegar hundarnir hafa orðið gott vald á kindunum í girðingunni, set ég þær gjarnan út á tún og æfi hundinn þar og set kindurnar síðan aftur inn í girðinguna að æfingu lokinni.

Við þessar aðstæður er alltaf tími til að fara út með einn hund í fimmtán mínútur á dag hversu uppteknir sem bændur eru. Hundur, sem byrjað er á að temja í svona girðingu í byrjun Júlí, á að vera orðin vel brúklegur um haustið. Það er ekki eingöngu kvöð að temja hund við þessar aðstæður, það er gaman að sjá hvernig óreyndur hvolpur breytist smátt og smátt í fjárhund.

Best er að taka einn hund fyrir á ári, meðal annars vegna þess að það er ekki nóg að þjálfa hann eingöngu í svona girðingu, hundurinn þarf líka reynslu við smölun og breytilegar aðstæður. Ekki er heppilegt að hafa marga unga óþjálfaða hunda í einu. Jafnvel á fjárbúi eins og hér, með 700 vetrarfóðraðar kindur, er nóg að hafa einn ungan hund á ári. Síðast liðið sumar tamdi ég þrjá. Aðeins tveir þeirra fengu síðan nægilega reynslu við smölun um haustið.

Sjái ég fram á að hafa ekki not fyrir eingvern hundinn læt ég hann frá mér. Hér eru engar tíkur sem notaðar eru eingöngu til að framleiða hvolpa. Hér eru tíkurnar vinnuhundar eftir að búíð er að temja þær og eignast að hámarki hvolpa einu sinni á ári.

Ekki eru allir hestar til undaneldis þó þeir séu vel ættaðir. Það er eins með hunda, þeir henta alls ekki allir til undaneldis. Það er nauðsynlegt að temja og nota við vinnu, bæði hunda og tíkur sem nota á til ræktunar og halda aðeins undir þá sem best reynast. Það er ræktun á hundum. Best væri að ræktendur væru margir aðilar sem leggðu það á sig að temja einn hund á ári. Þá væri líklegt að kæmu í ljós nokkrir sem hæfir væru til undaneldis. Flestir sem rækta Border Collie fjárhunda í Skotlandi gera það á þennan hátt.

Það eru sjálfsögð réttindi hundsins að fá tamningu.

Flest þau vandræði sem hundaeigendur lenda í með hundana sína má rekja til rangs uppeldis og ónógrar tamningar. Það þætti illa gert gagnvart krökkum að kenna þeim ekki lestur og skrift og erfitt væri fyrir þá að fóta sig í samfélagi nútímans án þess. Fjárhundurinn á skilið gott uppeldi og tamningu, án þess á hann erfitt með að fóta sig í sínu vinnuumhverfi þ.e. við smölun.

Gunnar Einarsson, Daðastöðum